


# Íbúafundur

---

## Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður

26. ágúst 2021

Róbert Ragnarsson  
Gunnar Úlfarsson



## Spurningar og svör

Farið inn á [menti.com](https://www.menti.com) og sláið inn kóðann 73592949

Þar getið þið sent spurningar til okkar og svarað spurningunum hér til hægri.

- Almennar spurningar um verkefnið og kynninguna.
- Hvaða tækifæri liggja í því að hefja sameiningarviðræður?
- Hvað ber að varast ef til sameiningarviðræðna kemur?
- Ættu Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður að hefja formlegar sameiningarviðræður?

- Markmið verkefnisins er að afla nauðsynlegra upplýsinga til að sveitarstjórnir geti tekið ákvörðun um hvort hefja skuli formlegar viðræður á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Í verkefninu felst að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri sveitarfélaganna ef til sameiningar kemur og svara þeim spurningum sem verkkaupi óskar svara við í verkbeiðni.
- Vinnustofa I
  - Fór fram 29. júní sl. í báðum sveitarfélögum.
  - Ráðgjafi kynnti lagaumhverfi og algengt verklag við sameiningar sveitarfélaga.
  - Ráðgjafar leiddu báða hópa í vinnu þar sem styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri hvors sveitarfélags voru greind.
- Vinnustofa II
  - Fór fram 10. ágúst sl. með fulltrúum beggja sveitarfélaga.
  - Farið yfir niðurstöður fyrri vinnustofa.
  - Farið yfir stöðumat, fjárhagslega stöðu hvors sveitarfélags fyrir sig og framtíðarhorfur.
  - Helstu styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri mögulegs sameinaðs sveitarfélags.
  - Framtíðarsýn mótuð.
- **Framhaldið**
  - Íbúafundur í hvoru sveitarfélagi fyrir sig þar sem helstu niðurstöður greiningar verða kynntar og kallað eftir sjónarmiðum og ábendingum íbúa.
    - **Verkefni dagsins í dag.**
  - Sveitarstjórnir Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar funda í september og taka afstöðu til þess hvort hefja skuli formlegar sameiningarviðræður og skipa samstarfsnefnd á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

1993

Kosið um sameiningu sveitarfélaga í Skagafirði. Tillagan var felld í Akrahreppi.

1997

Kosið um sameiningu sveitarfélaga í Skagafirði. Akrahreppur hafnaði þátttöku í viðræðunum.

2005

Kosið um sameiningu Akrahrepps og Sv. Skagafjarðar. Tillagan var felld í báðum sveitarfélögum.

2017

Akrahreppur afþakkaði boð um þátttöku í viðræðum Sv. Skagafjarðar og Skagabyggðar.

2021

Akrahreppur og Sv. Skagafjörður ákváðu að hefja vinnu við að skoða kosti og galla sameiningar.

- Þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023
  - Áherslur:
    - aukið bolmagn sveitarfélaga
    - aukið íbúalýðræði
    - aukin stafræn þjónusta og aðkoma íbúa að ákvörðunum
    - bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa
    - aukið fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga
    - jöfnun á þjónustustigi í sveitarfélögum
  - Felur í sér stefnu um að lágmarksíbúafjöldi verði settur í lög og stuðningur við sameiningar stóraukinn

*Í því skyni að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni skal stefna að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags sé ekki undir **1.000**. (250 íbúar árið 2022)*

*Ef íbúafjöldi sveitarfélags er undir 1.000 við almennar sveitarstjórnarkosningar skal sveitarstjórn þess, [..]::*

*a. **hefja** formlegar sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr. eða*


*b. vinna **álit** um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum, sbr. 1. mgr., og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.*

*[..] þar skal m.a. fjallað um fjárhagslega og félagslega þætti sveitarfélagsins, íbúapróun, þjónustu sveitarfélagsins og aðrar samfélagslegar aðstæður.*

## Við erum hér



# Tímalína verkefnisins



# Samstarf sveitarfélaganna

Sveitarfélögin eiga í umfangsmiklu samstarfi sín á milli en Sv. Skagafjörður annast eftirtalin verkefni fyrir Akrahrepp:

- Grunnskóli
- Leikskóli
- Tónlistarskóli
- Íþróttamiðstöð Varmahlíð og önnur íþróttamannvirki í Varmahlíð
- Barnavernd
- Málefni fatlaðs fólks
- Frístundastarf barna
- Dagþjónustu fyrir aldraða
- Héraðsbókasafn, héraðsskjalasafn, safnahús og Byggðasafn Skagfirðinga
- Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Skagafirði og þjónustu atvinnu- og ferðamálafulltrúa
- Almannavarnir, brunavarnir og eldvarnaeftirlit
- Fasteignir í sameign sveitarfélaganna tveggja
- Rekstur móttökustöðvar fyrir sorp (viðauki)
- Þjónusta skipulags- og byggingafulltrúa (sérstakur samningur)



# Samningur milli Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar um framkvæmd verkefna

- Akrahreppur greiddi 162,3 m. kr. árið 2020 vegna þjónustu sem Sveitarfélagið Skagafjörður veitir og þátttöku í framkvæmdum skv. samstarfssamningi.
- Þar af er kostnaður vegna skóla og leikskóla hæsti útgjaldaliðurinn og voru greiðslur á árinu 2020 samtals 103 m. kr.
- Greiðslurnar nema um 83% af útgjöldum Akrahrepps og varða helstu verkefni sveitarfélaga.

2020

Kostnaðarliður	Upphæð í þús. kr.
Félagsþjónusta	7.467
Fræðslumál	103.018
Atvinnumál	1.519
Menning	5.812
Æskulýðs- og íþróttamál	10.631
Bruna-og almannavarnir	2.779
Lífeyrishækkningar til LSR B-deildar	323
Skipulag og byggingaeftirlit	975
Stjórnsýsla	5.022
Eignasjóður/framkvæmdir	24.767
<b>Samtals</b>	<b>162.313</b>

# Verkefni Akrahrepps utan samstarfs

- Fjallskil.
- Ákvarðanataka í skipulagsmálum.
- Ákvarðanir um veitingu þjónustu á grundvelli barnaverndarlaga en Sv. Skagafjörður annast rekstur og stjórnslu.
- Eftirfarandi verkefni á sviði félagsþjónustu:
  - Kjósa þrjá fulltrúa í félagsmálanefnd
  - Setja reglur um stjórn og framkvæmd félagsþjónustu sem félagsmálanefndir fara eftir
  - Setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar (meta þörf og ákveða fjárhagsaðstoð til einstaklinga í samræmi við reglur sveitarstjórnar) að fengnum tillögum félagsmálanefndar
  - Setja reglur um stuðningsþjónustu á grundvelli leiðbeininga ráðherra
  - Setja reglur um notendasamninga
  - Setja reglur um sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli leiðbeininga ráðherra
  - Setja reglur um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis á grundvelli leiðbeininga ráðherra

# Lögskyld áætlanagerð og verkefni

- Sveitarfélög hafa mikið frelsi til að ráða málefnum sínum sjálf.
- Löggjafinn setur þó ákveðnar kröfur á sveitarfélögin þegar kemur að ýmiss konar stefnumörkun og reglusetningu sem þeim er skylt að sinna, m.a. í því skyni að tryggja réttaröryggi og jafnrétti íbúa sveitarfélaganna.

Lögskyld verkefni	Akrahreppur Sv. Skagafjörður	
Samþykkt um stjórn og fundarsköp	Nei	Já
Aðalskipulag í gildi	Já	Já
Húsnæðisáætlun í gildi	Nei	Já
Jafnlaunavottun (ef það eru fleiri en 25 starfsmenn)	Á ekki við	Í vinnslu
Loftlagsstefna	Nei	Í vinnslu
Grunnskólastefna í gildi	Já	Já
Leikskólastefna í gildi	Já	Já
Siðareglur birtar	Nei	Já
Staðfesting ársreiknings	Já	Já
Fjárhagsáætlun samþykkt	Já*	Já
Reglur um fjárhagsaðstoð	Nei	Já
Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning	Nei	Já

\* Afgreiðsla hreppsnefndar ekki í samræmi við auglýsingu um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, nr. 22/2013.


# Lýðfræðilegir veikleikar

Sveitarfélög	Lýðfræðilegur veikleiki ef	Akrahreppur	Sv. Skagafjörður	Sameinað
Mannfjöldi 1. janúar 2021		210	4.084	4.294
Fæðingartíðni	<10,5	9,5	8,8	8,8
Dánartíðni	8,9<	4,8	9,1	8,8
Aðfluttir umfram brottflutta	<0	2	44	46
Hlutfall 0-14 ára	<17,3%	16,7%	18,2%	18,2%
Hlutfall 15-24 ára	<12,0%	20,5%	13,5%	13,9%
Hlutfall 25-54 ára	<39,1%	32,9%	37,3%	37,1%
Hlutfall 55-64 ára	12%<	8,6%	13,2%	13,0%
Hlutfall 65 +	19,5%<	21,4%	17,7%	17,9%
Konur - Karlar	<0	14	-64	-50
Fjöldi kvenna á móti 100 körlum	<93 konur á 100 karla	106,3	98,3	98,6
<b>Lýðfræðilegir veikleikar</b>		<b>4</b>	<b>5</b>	<b>4</b>


- Lýðfræðilegir veikleikar byggja á aðferðarfræði Nodregio (e. Demography vulnerability index).
- Rauðlitaðir reitir sýna lýðfræðilega veikleika sem sveitarfélag býr yfir í ársbyrjun 2021.
- Akrahreppur býr yfir 4 lýðfræðilegum veikleikum.
- Sveitarfélagið Skagafjörður býr yfir 5 lýðfræðilegum veikleikum.
- Sameinað sveitarfélag byggi yfir 4 lýðfræðilegum veikleikum.

# Íbúafjöldi


## Akrahreppur árið 2021




## Sveitarfélagið Skagafjörður árið 2021



## Sameinað árið 2021



## Íbúafjöldaspá sameinað 2001 - 2031




— Sameinað

Heimild: Byggðastofnun, Hagstofa Íslands,

# Meginreglan um ábyrga fjármálastjórnun

- Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.
- Í því felst m.a. að veltufé frá rekstri sveitarfélags standi undir afborgunum lána.

Veltufé frá rekstri að frádr. afb. langtímalána árin 2016 - 2020 í þús. kr.




Í þús. kr.


# Fjárhagsleg viðmið

- Í 6. gr reglugerðar nr. 502/2012 koma fram viðmið um rekstur sveitarfélaga sem eiga að tryggja fjárhagslega sjálfbærni og jafnvægi í rekstri. Þessi viðmið eru:
  - Jafnvægisregla sem segir að heildarútgjöld til rekstrar samstæðu séu á þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
  - Skuldaregla sem segir að heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.
- Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur og sameinað sveitarfélag standast bæði jafnvægisreglu og skuldareglu árin 2016–2020.

### Jafnvægisregla





### Skuldahlutfall



Í þús. kr.

# Eignir

- Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar hafa vaxið um 40% frá árinu 2016.
- Eignir Akrahrepps hafa vaxið um 30% frá árinu 2016.
- Eignir á íbúa í Sveitarfélaginu Skagafirði námu 2.712 þús. kr. árið 2020.
- Eignir á íbúa í Akrahreppi námu 1.607 þús. kr. á íbúa í Akrahreppi árið 2020.
- Í sameinuðu sveitarfélagi hefðu eignir á íbúa verið 2.458 þús. kr. árið 2020.







# Skuldir

- Skuldir og skuldbindingar Akrahrepps námu 43,4 m. kr. árið 2020.
- Skuldir og skuldbindingar Sveitarfélagsins Skagafjarðar námu 7,8 ma. kr. árið 2020.
- Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins Skagafjarðar námu 1.908 þús. kr. á íbúa árið 2020.
- Skuldir og skuldbindingar Akrahrepps námu 206 þús. kr. á íbúa árið 2020.
- Landsmeðaltal skulda á íbúa árið 2020 eru 1.989 þúsund kr.

## Skuldir og skuldbindingar samstæðu




## Skuldir og skuldbindingar á íbúa



Í þús. kr.

# Tekjur sveitarfélaganna


- Í 1. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 kemur fram að tekjustofnar sveitarfélaga séu fasteignaskattur, framlög til sveitarfélaga og útsvör. Auk þess fá þau tekjur af eigin eignum, atvinnurekstri o.fl.
- Á myndinni má sjá yfirlit tekna sveitarfélaganna reiknað á íbúa og landsmeðaltal tekna sveitarfélaga árið 2019.
- Heildartekjur í Sveitarfélaginu Skagafirði á íbúa eru hærri en landsmeðaltalið en tekjur í Akrahreppi eru lægri en landsmeðaltalið.




# Útsvar og fasteignagjöld

- Bæði sveitarfélögin leggja á hámarksútsvar, 14,52%.
- Álögð fasteignagjöld A-liðar á íbúa eru sambærileg milli sveitarfélaga.
- Í Akrahreppi eru engar opinberar byggingar sem falla undir B-lið.
- Fáar eignir í Akrahreppi falla undir C-lið.
- Vísbendingar eru um að álagning skatta breytist lítið við sameiningu sveitarfélaganna.

## Álag á fasteignir árið 2021




## Álögð fasteignagjöld á íbúa í þús. kr. árið 2020



# Fjárhagsáætlanir 2021-2024


- Bæði sveitarfélög gera ráð hóflegum tekju- og útgjaldavexti og jákvæðri rekstrarniðurstöðu 2022-2024
  - Aðrar tekjur í Sveitarfélaginu Skagafirði lækka milli 2021 og 2022
- Sameinað sveitarfélag hefði um 7,5 ma.kr. í tekjur og myndi skila jákvæðri rekstrarniðurstöðu.
- Að teknu tilliti til sameiningarframlaga og mögulegs hagræðis má gera ráð fyrir að sveitarfélagið yrði í rekstrarjafnvægi.

Rekstrarniðurstaða úr fjárhagsáætlun 2021-2024




- Í Akrahreppi er gert ráð fyrir fjárfestingum upp á 80 m. kr. til næstu fjögurra ára og í Sv. Skagafirði er áætlað að fjárfestingar verði um 1.770 m. kr.
- Framundan eru miklar fjárfestingar í sameiginlegum verkefnum í Varmahlíð.
- Áætlaðar á bilinu 600-900 m.kr.
  - Akrahreppur 150-225 m.kr.
  - Skagafjörður 450- 675 m.kr.

Fjárfestingarhreyfingar í þús. kr.




Fjárfestingarhreyfingar á íbúa í þús. kr.




- Í fjárhagsáætlunum Sveitarfélagsins Skagafjarðar er gert ráð fyrir lántöku umfram afborganir árið 2021 en árin eftir verði afborganir langtímalána umfram lántöku.
  - Ekki er gert ráð fyrir neinni lántöku eða afborgunum langtímalána í Akrahreppi.
- Handbært fé vex á milli ára í Sveitarfélaginu Skagafirði.
- Handbært fé rýrnar um rúmar 10 m. kr. hvert ár í Akrahreppi.
- Skuldir Sv. Skagafjarðar fara lækkandi á komandi árum. Að teknu tilliti til skuldajöfnunarframlaga eru vísbendingar um að fjárfestingageta sameinaðs sveitarfélags verði góð.

## Fjármögnunarahreyfingar í þús. kr.



## Handbært fé í árslok í þús. kr.



# Jöfnunarframlög

- Í töflunni að ofan til hægri eru sameiningarframlög sem fylgja sveitarfélögunum miðað við ársreikninga ársins 2020. Sameiningarframlög taka mið af ársreikningum ársins fyrir sameiningu.
- Sameiningarframlög sveitarfélaganna eru samtals 751 m. kr. ef til sameiningar þeirra kæmi.
- Sameinað sveitarfélag fengi 496 m. kr. í útgjalda- og tekjujöfnunarframlög, eða um 43 m. kr. minna en samtala framlaga sveitarfélaganna beggja.
- Framlög Jöfnunarsjóðs breytast að fimm árum liðnum, að því gefnu að jöfnunarkerfið og fjöldi sveitarfélaganna breytist ekki.

í m. kr.	Sveitarfélagið Skagafjörður	Akrahreppur	Samtals
Skuldajöfnunarframlag	400	0	<b>400</b>
Fast framlag	100	100	<b>200</b>
Byggðaframlag	146	5	<b>151</b>
<b>Samtals framlag</b>	<b>646</b>	<b>105</b>	<b>751</b>

í þús. kr.	Sveitarfélagið Skagafjörður	Akrahreppur	Sameinað	Mismunur
Tekjujöfnunarframlög	-	24.935	-	-24.935
Útgjaldajöfnunarframlög	484.562	29.541	496.036	-18.067
<b>Samtals</b>	<b>484.562</b>	<b>54.476</b>	<b>496.036</b>	<b>-43.002</b>

- Rekstur beggja sveitarfélaga hefur verið í jafnvægi undanfarin ár og þau staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum.
  - Covid-19 hafði mikil áhrif á rekstur ársins 2020 og væntanlega einnig 2021.
- Rekstur Akrahrepps er viðkvæmur fyrir breytingum á jöfnunarframlögum.
- Vísbendingar eru um að rekstur Akrahrepps þyngist á komandi árum, fyrst og fremst vegna lækkandi jöfnunarframlaga og aldurssamsetningar.
  - Íbúum í vinnusamasta aldurshópnum (25-54) fækki á meðan eldri borgurum fjölgi.
- Vísbendingar eru um að jöfnunarframlög til svæðisins lækki um 43 m.kr. við sameiningu sveitarfélaganna.
  - Sú breyting kemur fram fimm árum eftir sameiningu, að því gefnu að engar breytingar verði á jöfnunarkerfinu.
  - Stefna Jöfnunarsjóðs er að hækka framlög til meðalstórra sveitarfélaga og lækka til fámennra.
- Íbúafjöldi á svæðinu hefur vaxið undanfarin ár, en mannfjöldaspá Byggðastofnunar gerir ráð fyrir fækkun íbúa á næstu árum.



# Ályktanir af stöðugreiningu

- Sveitarfélagið Skagafjörður sinnir meginþorra lögbundinna verkefna Akrahrepps og 83% af útgjöldum Akrahrepps renna til samstarfsverkefna.
- Akrahreppur uppfyllir ekki ákvæði 4. gr. svstjl. og skal leita sameiningarviðræðna eftir sveitarstjórnarkosningar 2022, eða vinna álit um stöðu sveitarfélagsins og getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum.
- Ef sveitarfélögin sameinast ekki þá þurfa ýmsar breytingar að eiga sér stað hjá Akrahreppi til að mæta kröfum löggjafans.
- Yfirvofandi breytingar t.a.m. á barnaverndarkerfinu.
  - Barnaverndarnefndir verða lagðar niður og tvær einingar starfræktar, barnaverndarþjónusta og umdæmisráð barnaverndar með a.m.k. 6000 íbúa umdæmi.
- Akrahreppi er skylt, skv. lögum um meðhöndlun úrgangs, að innheimta gjald fyrir meðhöndlun úrgangs.
  - Íbúar Akrahrepps ættu því að þurfa að greiða slíkt gjald hvort sem af sameiningu verður eða ekki.

# Vinnustofa I

Vinnustofa I var haldin í báðum sveitarfélögum 29. júní sl.

Þátttakendur vinnustofunnar voru annars vegar kjörnir fulltrúar Akrahrepps og hins vegar kjörnir fulltrúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Á vinnustofunni voru þátttakendur leiddir í vinnu þar sem styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri hvors sveitarfélags voru greind.

Þátttakendur voru einnig beðnir um að greina frá þeim áhersluatriðum sem að þeirra mati ætti að vera ráðandi ef til formlegra sameiningarviðræðna kæmi

# Vinnustofa I

## Akrahreppur

### Styrkleikar

- Góðar samgöngur
- Nálægð við þjóðveginn
- Öflugur landbúnaður
- Stutt í alla þjónustu
- Sveitarfélagið er skuldlaust
- Góðir innviðir
- Stuttar boðleiðir
- Laus við flokkspólítík

### Veikleikar

- Háð tekjum úr Jöfnunarsjóði
- Stjórnsýslan þyngist
- Fáir sem eru tilbúnir í framboð til sveitarstjórnar
- Megin ákvarðanir varðandi þjónustusamninga teknar á Sauðárkróki
- Skortur á leikskólaplássum
- Fámenni

### Ógnanir

- Breytingar á jöfnunarframlögum
- Auknar kröfur á stjórnsýsluna og rekstur sveitarfélaga
- Lokanir eða breytingar í Varmahlíð
- Breytingar í landbúnaði
- Missa rödd sveitarfélagsins í ákvarðanatöku
- Að öll þjónusta fari á Krókinn

### Tækifæri

- Uppbygging Varmahlíðar sem kjarna fyrir framhéraðið
- Bættar samgöngur
- Brú til að tengja framhéraðið
- Jarðgöng undir Öxnadalsheiði
- Stuðla að betri þjónustu fyrir eldri borgara
- Uppbygging í ferðaþjónustu
- Aukinn slagkraftur

# Vinnustofa I

## Sveitarfélagið Skagafjörður

### Styrkleikar

- Gott þjónustustig og stutt í þjónustuna
- Góð fjárhagsleg staða
- Stöðugt/sterkt/fjölbreytt atvinnulíf og lítið atvinnuleysi
- Fjölskylduvænt sveitarfélag
- Hitaveita um nánast allan fjörð
- Sterk stjórnslu, og samhent sveitarstjórn
- Góðir innviðir

### Veikleikar

- Vantar fjölbreytileika í atvinnulíf
- Misjafnt þjónustustig, minna utan 550
- Skortur á leikskólalássum
- Aukið samtal við íbúa, opna betur á aðgang íbúa að stjórnslu, kynning á þjónustu og verkefnum
- Ástand gatnakerfis
- Hrepparígur

### Ógnanir

- Niðurskurður af hálfu ríkisins
- Fólksfækkun í sveitum
- Hækkun meðalaldurs íbúa og aukning þjónustu
- Lagabreytingar
- Afhendingaröryggi á heitu og köldu vatni og raforku
- Breyting á regluverki Jöfnunarsjóðs
- Skortur á hjúkrunar- og öldrunarrýmum

### Tækifæri

- Sterkari mannauður
- Aukið íbúalýðræði
- Samræma og einfalda þjónustu og stjórnslu í Skagafirði
- Hagkvæmni í rekstri
- Frekari uppbygging í Varmahlíð
- Styrkja þéttbýliskjarna utan Sauðárkróks
- Tækifæri í skólamálum
- Sameina Skagafjörð!

# Áhersluatriði við sameiningarviðræður

## Akrahreppur

- Öflugt skólasamfélag
- Aukin þjónusta við alla aldurshópa í framhéraðinu
- Styrkja framhéraðið í heild
- Halda í skólastarfið – grunnþáttur sem verður að vera
- Hafa talsmann/talsmenn úr framhéraðinu sem kemur áherslunum á framfæri
- Bættar samgöngur
- Finna nýtt nafn fyrir sameinað sveitarfélag ef til sameiningar kæmi

## Sveitarfélagið Skagafjörður

- Samstaða um uppbyggingu þjónustukjarna fyrir framhéraðið í Varmahlíð
- Jafna þjónustustig í dreifbýli og þéttbýli
- Ekki yfirtaka heldur sameining
- Einfalda og flýta skólauppbyggingu í Varmahlíð
- Sameina íbúa Skagafjarðar
- Einfaldari og öflugri stjórnsýsla
- Aukið íbúalýðræði
- Metnaðarfullt sveitarfélag sem er öflugur málsvari gagnvart ríkisvaldinu
- Móta sameiginleg áhersluatriði gagnvart ríkisvaldinu í tengslum við mögulega sameiningu, t.d. hvað varðar samgöngumál

# Vinnustofa II

Vinnustofa II var haldin rafrænt á samskiptaforritinu Zoom. Þátttakendur vinnustofunnar voru fulltrúar bæði Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Þátttakendum var skipt í þrjá hópa þar sem þeir voru beðnir um að svara fjórum spurningum:

1. Hvað ber að varast ef til sameiningarviðræðna kemur?
2. Hvaða tækifæri felast í því að hefja sameiningarviðræður?
3. Hvaða breytingar eru líklegar ef til sameiningar sveitarfélaganna kemur?
4. Hver ætti að vera framtíðarsýn sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði?

# 1. Hvað ber að varast ef til sameiningarviðræðna kemur?

- Mikilvægt að íbúar fái að kjósa en margir hafa áhyggjur af klofningi
  - Mikilvægt að varast flokkadrætti og eðlilegt að ræða málin
- Mikilvægt að tryggja að rödd framhéraðsins heyrir
  - Áhersla á sameiningu en ekki yfirtöku
  - Málsvari/talsmaður frá framhéraðinu
  - Fulltrúi úr framhéraði Skagafjarðar fengi aukið vægi í sveitarstjórn
- Tímasetning viðræðna og undirbúnings atkvæðagreiðslu er áhætta
  - Viðbúið að íbúar vilji meiri tíma og gagnrýni hver ramminn er þröngur.
- Breytt aldursbil og nauðsynlegt að ná til allra
- Mikilvægt að nálgast umræðuna með málefnalegum hætti
  - Fagleg umræða án togstreitu
- Það þarf að gæta að því að setja pressu á stjórnvöld um að fá eitthvað út úr sameiningunni. Ekki aðeins lofa „auknum slagkrafti“ án þess að það sé nægilega vel skýrt

## 2. Hvaða tækifæri felast í því að hefja sameiningarviðræður?

- Málefnaleg umræða er af hinu góða
- Dregið fram ný viðhorf eða varpað fram nýjum hugmyndum
- Tækifæri í því að draga allar staðreyndir fram og veita íbúum tækifæri til að taka upplýstar ákvarðanir
  - Eflir íbúalýðræði og gæti aukið þátttöku íbúa í stjórnarsýslu sveitarfélaga
- Koma samgöngumálum á dagskrá
- Stefnumörkun verði skýrari og hægt væri að ná fram sameiginlegri sýn
- Hver er ávinningurinn? Það þarf að liggja ljóst fyrir
- Ná fram samstöðu og sátt meðal Skagfirðinga
- Gæta að aðstöðumuninum í umræðunni
- Íbúar séu fræddir og upplýstir um núverandi stöðu og hvað sameining myndi þýða
- Mikilvægt fyrir sveitarstjórnarfólk að fara í naflaskoðun og sú greining sem liggur til grundvallar mun nýtast til góðra verka



### 3. Hvaða breytingar eru líklegar ef til sameiningar sveitarfélaganna kemur?

- Daglegt líf myndi kannski ekki breytast mikið.
- Aðgengi að sveitarstjórn breytist líklega
- Fulltrúi úr framhéraði Skagafjarðar fengi aukið vægi í sveitastjórn
- Einföldun í rekstri, t.a.m. í Varmahlíð
  - Akrahreppur á um fjórðung í grunn- og leikskólanum og íþróttamannvirkjum í Varmahlíð
- Aukinn slagkraftur dreifbýlis
- Upplýsingagjöf gæti einfaldast fyrir íbúa í Akrahreppi
  - Upplýsingar um stofnanir, þjónustu, skóla og starfsfólk á heimasíðu sveitarfélagsins
- Hluti framhéraðsins gæti misst völd á ákvarðanatöku innan svæðisins
- Íbúar í Akrahreppi fá tækifæri til þess að hafa frekari áhrif við sameiningu, þ.e. hvað stjórnsýsluna varðar
- Skagafjörður hefði meira vægi sem opinber rödd
  - Möguleikar til áhrifa á landsvísu
- Skattar, gjöld og þjónusta eru að miklu leyti samræmd og mun halda áfram hvort sem af sameiningu verður eða ekki

## 4. Hver ætti að vera framtíðarsýn sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði?

- Auka atvinnutækifæri vítt og breytt um sveitarfélagið
- Skagafjörður standi saman sem ein heild og allir íbúar upplifi sig sem Skagfirðinga
- Öflugt dreifbýli
- Nýta styrkleika í landbúnaði og matvælaframleiðslu
- Dreifbýli og þéttbýli sem styrkja hvort annað – geta ekki án hvors annars verið
- Öflugt hérað með marga sterka kosti, verður enn samkeppnishæfara hvað þjónustu snertir
- Varmahlíð miðpunktur framhéraðsins og markmiðið að halda þjónustunni sem næst fólki
- Áfram verði kjarnar sem þjóna sínu nærsvæði
- Vöxtur hjá báðum sveitarfélögum sem heldur áfram
- Stöðugleiki í þjónustu
- Öll skólastig í boði



- **Róbert Ragnarsson** er reynslumikill stjórnandi og sérfræðingur úr opinbera geiranum. Hann hefur yfir tíu ára reynslu sem bæjarstjóri í Vogum og í Grindavíkurbæ, auk reynslu af sérfræðistörfum í stjórnarráðinu og kennslu á háskólastigi. Róbert hefur sinnt fjölbreyttri ráðgjöf við sveitarfélög frá því í febrúar 2017.
- Róbert er með meistarapróf í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands, en varði tveimur árum við nám í Háskólanum í Arósum. Hann hefur kennt stjórnsýslufræði á meistarastigi við Háskóla Íslands og haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða um lagaumhverfi, skipulag og stjórnun hins opinbera. Hann hefur sinnt ráðgjöf við gerð lagafrumvarpa í samgönguráðuneyti og félagsmálaráðuneyti og unnið að fjárhagslegum úttektum fyrir sveitarfélög.



- **Freyja Sigurgeirsdóttir** er með MA próf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Samhliða námi vann Freyja hjá Umboðsmanni barna og í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.
- Hennar helstu verkefni í ráðuneytinu sneru að frumkvæðismálum skv. 112. gr. sveitarstjórnarlaga og samvinnusamningum sveitarfélaga, skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga. Hjá umboðsmanni barna vann Freyja við ýmis tilfallandi verkefni, m.a. undirbúningsvinnu umsagna til nefndasviða Alþingis, og aðstoðaði við undirbúning og framkvæmd Barnaþings í Hörpu.



- **Gunnar Úlfarsson** er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið meistaránámi í hagfræði og fjármálum við St Andrews háskóla í Skotlandi. Gunnar hefur starfað sem stundakennari innan hagfræðideildar Háskóla Íslands og hefur reynslu af samkeppnis- og samrunamálum úr starfi hjá Samkeppniseftirlitinu.
- Gunnar leggur áherslu á hagræna greiningu vandamála með tölulegri greiningu og nýtingu rauntímagagna til skilvirkar ákvarðanatöku. Hann hefur unnið mat á fjárhagslegum áhrifum fjárfestinga sveitarfélaga og tekið þátt í greiningu á fjárhag þeirra.